# 122 Nú ljómar merki, lífsins kross




1. Nú ljóm - ar merk - i, lífs - ins kross, er leynd - ar - dóm - inn birt - ir oss:
2. Ó, mund - u Drott - ins síð - u - sár, það sef - ar hjart - ans kvöl og fár.
3. Því hafð - i Dav - íðs harp - a spáð, það hef - ur dýrð - ar - fyll - ing náð:
4. Ó, heill þér kross, þú krist - ins þor, þú kærst - a, dýrst - a gleð - in vor.




Að þar sem líf - ið líf - i hvarf vér líf - ið tök - um sjálft í arf.
Það blóð og vatn, sú lífs - ins lind, hún leys - ir þig frá allr - i synd.
„Frá trén - u drottn - ar Herr - ans hönd.“ Það hef - ur ræst um gjörv - öll lönd.
Ó, sáðu’ í hjört - un sann - leiks - trú og synd - ar - an - um líkn - a þú.

5. Ó, heilög þrenning, hjálpa oss
að hylla Drottins lausnarkross.
Ó, lyft oss, kross, frá lágri jörð
í lofi, dýrð og þakkargjörð.

**T** Venantius Fortunatus um 600 – Sb. 1589 – Stefán frá Hvítadal, 1926 – Sb. 1945
**L** Gochsheim 1628 – Görlitz 1648 – Sb. 1871
**H** Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023